

einnig að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana árs-  
reikning hvern. Henni ber enn fremur að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur  
skilríki á öruggum stað. 52 20. júní

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ber gjaldkera að gera reikning yfir  
tekjur hans og gjöld árlega fyrir janúarmánaðarlok. Reikningur sjóðsins skal end-  
urskoðaður af tveim mönnum, sem kosnir skulu árlega á viðkomandi safnaðarfundi.

## 10. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## 11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

**SAMPYKKT**

53

**um breyting á byggingarsamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað  
frá 23. desember 1927.**

22. júní

Í stað „bæjarfógeti“ í 4. gr. samþykktarinnar og síðar í henni komi: bæjarstjóri.  
Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og sam-  
þykkt er hér með staðfest samkvæmt 15. gr. laga nr. 58 28. nóvember 1919, til að öðl-  
ast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1938.*

Skúli Guðmundsson.

*Páll Pálmason.*

**SAMPYKKT**

54

**um sýsluvegasjóð í Árnassýslu.**

28. júní

## 1. gr.

Í Árnassýslu skal vera sýsluvegasjóður samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933.  
Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

## 2. gr.

Með sjóði þessum skal uppbyggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem nú eru, eða  
síðar verða lagðir eftir þeim reglum, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma. Sýslu-  
vegir eru þeir, sem hér segir:

1. Selvogsvegur af Suðurlandsbraut, neðan Selvogsheiðar, að túnhliði á Bjarna-  
stöðum.
2. Hraunsvegur af Þjóðveginum á Hjallamel að Hrauni.
3. Arnarbælisvegur af Þjóðveginum hjá Sandhól að Arnarbæli.
4. Hveragerðisvegur af Þjóðveginum við Ölfusréttir að Mjólkurbúi Ölfusinga.
5. Grafningsvegur frá Alviðru að Villingavatni.
6. Sólheimavegur frá Borg, um Eyvík, að Sólheimum.
7. Kiðjabergsvegur frá brúarstæði á Hvitá hjá Kiðjabergi á Grimsnesbraut nálægt  
Svinavatni.

- 54 8. Laugardalshólavegur frá Miðdalskotu um Laugardalshóla, að Böðmódsstöðum.  
 28. júní 9. Laugarásbraut frá Brúará um Skálholt að Laugarási, með hliðarálmum að Auðs-  
 holtssferju.  
 10. Tjarnarbraut frá Torfastöðum um Tjörn að Miðhúsum.  
 11. Bræðratungubraut af Þjóðveginum austan Fellskots að Króksferju, og frá ferju-  
 staðnum að Bræðratungu.  
 12. Iðubraut frá Ósabakka að Iðuferju.  
 13. Langholtsvegur frá Laxárbrú um Syðra-Langholt að Unnarholti.  
 14. Hrafnkelsstaðavegur af Þjóðveginum nálægt Hellisholtalæk, að Hrafnkelsstaða-  
 mel.  
 15. Hrunavegur af Þjóðveginum heim að Hruna.  
 16. Hlíðarvegur frá Þjórsárholti um Hæl að Hlíð.  
 17. Laxárdalsvegur af Þjóðveginum við Ása, um Mástungur að Laxárdal.  
 18. Háholtsbraut af sýsluveginum hjá Geldingaholti að Háholti.  
 19. Ólafsvallavegur frá vegamótum við Blesastaði austan Arakots að Ólafsvöllum.  
 20. Vorsabæjarvegur (Skeið) frá vegamótum austan Húsatófta að Fjalli.  
 21. Gafllsvegur af Villingaholti að Gafli.  
 22. Kolsholtsvegur af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda, um Vatnsholt að Kolsholti.  
 23. Hamarsvegur frá vegamótum við Gaulverjabæ að Hamarsbjáleigu.  
 24. Partavegur frá Tungu að Fljótshólum.  
 25. Vorsabæjarvegur (Gaulverjabæjarhr.) af Gaulverjabæjarvegi að Vorsabæjarbjá-  
 leigu.  
 26. Stokkseyrarvegur frá Kaðlastöðum um þorpið austur fyrir Sjónarhóla.  
 27. Brattholtsvegur frá símastöðinni á Stokkseyri að Holti.  
 28. Vegur um Eyrarbakkaþorp frá 70 km. steini að Kaupfélagi Árnesinga.  
 29. Flóagafllsvegur af Eyrarbakka að Blesarima, án afleggjara.  
 30. Votmúlavegur frá Eyrarbakkavegi um Votmúla á Gaulverjabæjarveg nálægt  
 Smádöllum.  
 31. Kaldaðarnesvegur frá Eyrarbakkavegi um Sandvík út að Klöppum.  
 32. Reykjavegur af Flóavegi vestan Hraungerðis að Efstaskurði.  
 33. Langholtvegur (Hraungerðishr.) af Þjóðveginum hjá Túni að Efstaskurði.

## 3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, og af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaupstöðum. Þó er hreppsfélagi heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn hve hár skatturinn skuli vera. Má hann ekki vera lægri en 2‰ og ekki hærri en 6‰ af landverði samkvæmt fasteignamati, og hálfu minna af húseignum.

## 4. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki samkvæmt lögum nr. 29 frá 1885.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1938.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*